



Stjórnarfundur FFR Fundargerð


Fundur nr.: 2014-2015: 5 • Dagsetning: 18.02.2015 • Klukkan: 12:00. – 13:45 • Fundarstjóri: Borghildur Erlingsdóttir
Fundarstaður - Vinnuálastofnun

Viðstödd: Borghildur Erlingsdóttir (BE), Ársæll Guðmundsson (ÁG), Gissur Pétursson (GP) og Sigríður Lillý Baldursdóttir (SLB), **Einnig mættu:** Steingrímur Ari Arason (SAA) og Indriði Þorláksson (IP) frá starfskjaranefnd.

Forföll boðuðu: Guðjón S. Brjánsson (GSB), Halldór Ó. Sigurðsson (HÓS), Ingibjörg Sverrisdóttir (IS) og Kristín Linda Árnadóttir (KLÁ),

- Samþykki fundargerðar síðasta fundar 27. janúar 2015.**
Frestað þar sem fundargerð lá ekki fyrir.
- Innleiðing laga um opinber fjármál – þátttaka FFR í vinnuhópum.**
Óskað var eftir aðild félagsins að innleiðingu laganna með þátttöku í eftirfarandi hópum:
Nr. 3. Stjórnun og eftirlit – tilnefnd: Kristín Völundardóttir
Nr. 5. Upplýsingakerfi – tilnefndur: Halldór Ó Sigurðsson
Nr. 4. Reikningshald og skýrslugerð – tilnefndar: Borghildur Erlingsdóttir og Kristín Linda Árnadóttir

Hlutverk vinnuhópa



3. Umbætur í opinberri stjórnsýslu og árangur þeirra.

BE sagði frá morgunverðarfundum sem fjármála- og efnahagsráðuneytið, Félag forstöðumanna ríkisstofnana og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands héldu um umbætur í opinberri stjórnsýslu og árangur þeirra. Yfirskrift fundarins var: Hvernig stendur Ísland í samanburði við önnur Evrópuríki? Skoðun og reynsla stjórnenda í opinberri stjórnsýslu.

Á morgunverðarfundinum var greint frá helstu niðurstöðum COCOPS rannsóknarinnar (Coordinating for Cohesion in the Public Sector of the Future), þar sem unnið var úr spurningakönnun sem lögð var fyrir æðstu stjórnendum í tuttugu Evrópulöndum í fyrra, þar á meðal hér á landi. COCOPS rannsóknin er ein stærsta samanburðarrannsókn á umbótum í opinberri stjórnsýslu sem fram hefur farið í Evrópu. Íslenski



Stjórnarfundur FFR

Fundargerð

Fundur nr.: 2014-2015: 5 • Dagsetning: 18.02.2015 • Klukkan: 12:00. – 13:45 • Fundarstjóri: Borghildur Erlingsdóttir
Fundarstaður - Vinnuálastofnun

hluti rannsóknarinnar var samstarfsverkefni fjármála- og efnahagsráðuneytis, stjórn málafræðideildar Háskóla Íslands og samstarfsnets evrópskra háskóla. Könnunin veitir innsýn í skoðanir og reynslu opinberra stjórnenda með tilliti til umbóta á stjórnsýslu ríkisins. Markmið COCOPS rannsóknarinnar var að greina á heildstæðan hátt þær áskoranir sem opinberi geirinn í Evrópu stendur frammi fyrir og að skoða kerfisbundið áhrif umbóta sem kenndar eru við nýskipan í opinberum rekstri.

Niðurstöður rannsóknarinnar eru á margan hátt afar athyglisverðar. Mikilvægt er að skoða þær nánar og nýta vel þessar rannsóknir við að bæta umbótastarf í íslenskri stjórnsýslu því var ákveðið að BE óskaði eftir því við Sigurð Helga Helgason skrifstofustjóra skrifstofu stjórnunar og umbóta hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu að félagið fengi aðkomu að þeirri vinnu sem framundan er í framhaldi af fundinum.

4. Verkefni um störf embættismanna og auglýsingum starfa á 5 ára fresti.

BE fór yfir viðbrögð stjórnar við tillögu og tilboði CAPACENT á greiningu álitamála tengda því hvort störf embættismanna séu auglýst á fimm ára fresti eða ekki. Almenn tafa hafa viðbrögð verið jákvæð. Málið rætt og ákveðið að BE tæki saman fram komnar athugasemdir stjórnarmanna við tillöguna og færi jafnframt yfir kostnaðarhlíðina með CAPACENT.

5. 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna á Íslandi.

SLB falið að kanna hvort Jafnréttisstofa gæti lagt félaginu til forskrift eða áhersluatriði væri vilji til þess hjá forstöðumönnum að gera sérstaka úttekt á kynjamýndum sinna stofnana t.d. í ársskýrslum næsta árs.

6. Fyrirmyndarstofnun í góðum stjórnarháttum – samantekt Dr. Eypórs Í. Jónssonar

BE kynnti kynningarbréf sem borist hefur frá Eypóri um verkefnið og hún framsendi á stjórn 6.janúar sl.. Ákvörðun frestað.

7. Dagskrá funda fram að vori – samstarf við stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála.

Ekki liggur fyrir hvað framundan er á vettvangi stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála. BE mun kanna þetta frekar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 13:45

Fundargerð ritaði SLB